

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 3. febrúar kl. 11.30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómothúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sveinn Pálsson (í fjarveru Sigríðar Huldar Jónsdóttur) og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Tinnu Dahl Christiansen.

Bergur Sigurjónsson og Guðni Geir Einarsson rituðu fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 16. desember og 27. desember 2016

Lagðar fram fundargerðir frá 16. desember og 27. desember 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 16. desember var samþykkt án athugasemda og undirrituð en ákveðið var að fresta samþykkt á fundargerð frá 27. desember 2016.

2. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna sóknaráætlana landshluta á árinu 2017

Lagt var fram minnisblað þar sem fram kemur að framlag að fjárhæð 25 m.kr. vegna verkefnisins hafi verið það sama frá því á árinu 2012. Fram kom að aðilar sem koma að verkefninu, bæði hjá sveitarfélögum og ríki, telji að full ástæða sé til að skoða hvort hækka eigi framlagið í takt við verðlagsþróun frá því á árinu 2012.

Ákveðið að fresta málinu til næsta fundar, þá verði lögð fram tillaga um hækkun framlaganna og skiptingu milli landshlutasamtaka.

3. Framlag vegna sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. febrúar 2017, bréf stýrihóps um könnun á hagkvæmni sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs dags. 20. janúar 2017 og skýrslu frá KPMG um sameiningu þessara sveitarfélaga dags. 29. nóvember 2016.

Í erindi sveitarfélaganna er sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003.

Samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra úthlutun framlags vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs að fjárhæð allt að 14,8 m.kr.

Lagt var fram minnisblað starfmanns Jöfnunarsjóðs dags. 1. febrúar 2017, bréf starfshóps um könnun á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu dags. 26. janúar 2017 og skýrslu frá KPMG um sameiningu þessara sveitarfélaga dags. 20. desember 2016.

Samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra úthlutun framlags vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu að fjárhæð allt að 23 m.kr.

4. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum 2016

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu bréf Matvælastofnunar dags. 29. desember 2016 vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði til vatnsveitna á lögbýlum árið 2016, ásamt minnisblaðið þar að lútandi.

Nefndin samþykkti umbeðna kostnaðarþátttöku í verkefninu að fjárhæð 22 m.kr. á grundvelli reglugerðar nr. 180/2016.

5. Útgjaldajöfnunarframlög 2016

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað með leiðréttingu á B-hluta útgjaldajöfnunarframlaga, skólaaksturs úr dreifbýli, sjóðsins fyrir árið 2016. Fram kom að við uppgjör framlaganna var B-hluti útgjaldajöfnunarframlaganna ekki uppfærður og því var stuðst við útreikninga er tóku mið af endanlegum útreikningi B-hlutans árið 2015.

Samþykkt ráðgjafarnefndin framlagða tillögu að leiðréttingu útreikninganna og fram kom að leiðrétting framlaganna muni nást innan ársins 2016. Útreikningar framlaganna munu því koma réttir fram í bókhaldi sjóðsins og sveitarfélaganna.

6. Almennar og sérstakar húsaleigubætur IV ársfjórðungur og greiðslur árið 2016

Lagt var fram til umfjöllunar yfirlit yfir almennar og sérstakar húsaleigubætur á 4. ársfjórðungi 2016 ásamt yfirliti yfir árið 2016. Á framlögðum yfirlitum koma fram upplýsingar um greiddar bætur sveitarfélaga vegna einstaklinga er leigja á almennum og félagslegum markaði, vegna námsmanna á stúdentagörðum og einstaklinga sem leigja á sambýlum.

Fram kom að endurgreiðsluhlutfall sjóðsins til sveitarfélaga á árinu 2016 vegna almennu bótanna er 66% og 60% vegna sérstöku bótanna.

Þá kom fram að sveitarfélögin hafa frest þar til í mars á þessu ári til að veita upplýsingar um endanlegar greiðslur bótanna á árinu 2016. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir verður hægt að framkvæma endanlegan útreikning framlaganna.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

7. Kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu

Samningur – Menntamálastofnun

Lagður var fram til kynningar samningur Menntamálastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytisins vegna flutnings á starfi kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu frá Reykjavíkurborg til Menntamálastofnunar.

Jafnframt voru lögð fram til kynningar drög að breytingu á reglugerð 351/2002 vegna þessa.

8. Uppgjör verkefnisins 2016

Lagt var fram til umfjöllunar drög að uppgjöri á verkefni Jöfnunarsjóðs hvað snertir yfirlit grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.

Fram kom að tekjur sjóðsins vegna yfirlitunnar námu rúmlega 9,9 ma.kr. Stærsti útgjaldaliður sjóðsins vegna verkefnisins voru vegna almennra framlaga til reksturs grunnskóla sem námu um

7,4 ma.kr. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda námu um 2 ma.kr. og framlög vegna nýbúafræðslu um 250 m.kr.

9. Barnaverndarstofa

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 24. október 2016. Í erindinu er óskað eftir endurgreiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla vegna kostnaðar við almenna kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur kennslukostnað vegna nemendanna frá jöfnunarframlögum til viðkomandi lögheimilissveitarfélaga.

Erindinu var frestað til næsta fundar en ráðgjafarnefndin óskaði eftir minnisblaði þar sem farið er yfir hvernig greiðslum framlaganna er skipt og á hvaða grundvelli framlagið sé greitt.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

10. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Tillögur ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs og Velferðarráðuneytisins

Rætt var um hlutverk Jöfnunarsjóðs varðandi uppbyggingu fasteigna hvað málaflokk fatlaðs fólks varðar.

Ákveðið að fulltrúar Sambandsins mæti á næsta fund til að ræða mál sem snerta uppbyggingu búsetuúrræða í málaflokknum.

Ráðgjafarnefndin ályktaði um að það ætti að koma í hennar hlut að hafa með höndum ráðgefandi hlutverk til ráðherra varðandi Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í framtíðinni.

11. Greiðslur framlaga til Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar

Lagt var fram minnisblað þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær hafi frá og með áramótum 2016/2017 hætt sameiginlegum rekstri þjónustusvæðisins um málefni fatlaðs fólks. Ákvörðun sveitarfélaganna var tekin þrátt fyrir að velferðarráðuneytið hafi ekki fallist á undanþáguheimild til Seltjarnarnesbæjar um að standa eitt að rekstrinum.

Fulltrúar sveitarfélaganna fara fram á að greiðslur sjóðsins berist annars vegar til Reykjavíkurborgar og hins vegar til Seltjarnarnesbæjar.

Samþykkt var að heimila að greiðslur til sveitarfélaganna væru greiddar til hvors sveitarfélags fyrir sig.

12. Uppgjör verkefnisins 2016

Lagt var fram til umfjöllunar drög að uppgjöri á verkefni Jöfnunarsjóðs hvað snertir yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Fram kom að tekjur sjóðsins vegna yfirfærslunnar námu rúmlega 14,5 ma.kr. Stærsti útgjaldaliður sjóðsins vegna verkefnisins voru vegna almennra framlaga til reksturs málaflokksins sem námu

um 13,5 ma.kr. Framlög vegna NPA námu um 187 m.kr., framlög vegna atvinnumála fatlaðra námu 98 m.kr. Framlög vegna lengdrar viðveru námu 89 m.kr. og framlög vegna óhagstæðra langtímaleigusamninga námu um 70 m.kr.

13. Samningur við Vinnumálastofnun

Lagður var fram til kynningar nýr samningur um samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks. Aðilar samningsins eru Vinnumálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samkvæmt samkomulaginu tekur Jöfnunarsjóður að sér að greiða 104 m.kr. til Vinnumálastofnunar á árinu 2017.

14. Langtímaleigusamningar 2017

Lagðir voru farm til umfjöllunar og afgreiðslu útreikningar að framlögum sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna óhagstæðra langtímaleigusamninga sem ríkið gerði við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málaflokkurinn var færður frá ríki til sveitarfélaga.

Útreikningur framlagsins tekur mið að því að sett eru viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að gera tillögu til ráðherra um framlög á árinu 2017 til sveitarfélaga/þjónustusvæða með óhagstæða langtímaleigusamninga að fjárhæð 68,8 m.kr. Jafnframt var samþykkt að fjárhæðin verði tekin úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

15. Regluverk framlaga ársins 2018

Lagðir voru fram til kynningar útreikningar sem sýna áhrif þess að framlög úr Jöfnunarsjóði kæmu inn við 5. flokk SIS mats í stað 4. flokks eins og núverandi regluverk gerir ráð fyrir.

Ákveðið að bíða með ákvörðun, en rætt var um að gott væri að kalla til fleiri sérfræðinga til að fá skýrari umræðu um málið.

16. Efling tónlistarfræðslu

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Dalvíkurbyggð, dags 17. janúar sl. vegna nemenda sem þurfa að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2016-2017.

Umsóknin er á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga þar sem Jöfnunarsjóði er veitt heimild til að veita framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Skilyrði er að það liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Umsókn frá Dalvíkurbyggð vegna eins nemanda var samþykkt og mun Jöfnunarsjóður greiða framlag vegna vorannar skólaársins 2016-2017.

17. Stefna á hendur íslenska ríkinu f.h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar stefna fjögurra sveitarfélaga á hendur íslenska ríkinu f.h. hönd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

18. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn 31. mars 2016 kl. 12:15

Fundi var slitið 15:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sveinn Pálsson

Valdimar O. Hermannsson